



# Geysir

## Fornleifaskráning

Magnús A. Sigurðsson



Rammaáætlun



Fornleifavernd  
ríkisins

2008:2



Forsíða: Ljósmynd af konungssteini við Geysi, kort af Geysissvæðinu, LMÍ.  
© 2008 Fornleifavernd ríkisins/ Magnús A. Sigurðsson  
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:2  
Öll réttindi áskilin  
ISSN 1670-6846  
ISBN 978-9979-9764-3-1

Prentun: Nón og Leturprent

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Geysir .....</b>	<b>5</b>
2.1	Haukadalur - býli .....	6
2.2	Marteinhver / Marteinslaug - laugar .....	9
2.3	Konungssteinarnir – minnismerki .....	11
2.4	Laug - býli.....	14
2.5	Neðri-Dalur - býli.....	16
<b>3</b>	<b>Niðurstöður.....</b>	<b>19</b>
<b>4</b>	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>21</b>
<b>5</b>	<b>Viðauki 1 .....</b>	<b>0</b>

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b>	Rannsóknarsvæði í Haukadal afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.....	5
<b>Mynd 2.</b>	Haukadalur og Marteinslaug. Uppmæling Ragnar Edvardsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	6
<b>Mynd 3.</b>	Bæjarhóll Haukadals. Kirkjan í baksýn. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	7
<b>Mynd 4.</b>	Bergþórsleiði. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	8
<b>Mynd 5.</b>	Marteinslaug. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	10
<b>Mynd 6.</b>	Marteinhver. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	11
<b>Mynd 7.</b>	Staðsetning Konungssteina. Uppmæling Ragnar Eðvarðsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	12
<b>Mynd 8.</b>	Konungssteinar. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	13
<b>Mynd 9.</b>	Bæjarstæðið að Laug. Uppmæling Ragnar Edvardsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	14
<b>Mynd 10.</b>	Bæjarstæði Lauga. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	15
<b>Mynd 11.</b>	Neðri-Dalur. Uppmæling Ragnar Edvardsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	16
<b>Mynd 12.</b>	Holtshús, fyrir miðri mynd. Magnús A. Sigurðsson 2008.....	17
<b>Mynd 13.</b>	Rannsóknarsvæðið og jarðamörk. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	20



# 1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkostti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á vikjunarkostum fyrir árslok 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur I sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálendinu og vakti starfshópurinn athygli á þessum skorti. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í 1. áfanga byggði því ekki á vettvangsransónum og veikið það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að framkvæma fornleifaskráningu á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.


Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsolk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á síðasta ári BA prófs í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóv. 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um hið svokallaða Geysissvæði en rannsóknarsvæðið var áætlað út frá gögnum ÍSOR en einnig með tilliti til legu minja á svæðinu.

Um vettvangsvinnu sáu Magnús A. Sigurðsson og Ragnar Eðvarðsson, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið 2008. Á vettvangi voru minjarnar uppmældar með Ashtech GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislagið minjanna metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Magnúsar A. Sigurðssonar. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir.



## 2 Geysir



Mynd 1. Rannsóknarsvæði í Haukadal afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.


Rannsóknarvæðið í Haukadal nær aðallega yfir þrjár meginjarðir; Haukadal, Laugar og Neðridal. Innan svæðisins eru einnig jörðin Stallur, sem eru iðnaðar- og garðyrkjubýli, sem byggt var út úr landi Neðridals á árunum 1975.<sup>1</sup> En miðpunktur svæðisins er Geysisvæðið sjálft, með sínum þekktu "einstaklingum". Svæðið er líklegast þekktasta háhitasvæði landsins, þótt víða sé leitað. Helstu minjar á rannsóknarsvæðinu tengjast búskap á þeim þrem jörðum sem eru innan þeirrar afmörkunar sem sést á mynd 1. Ekki fundust minjar í þeim hluta Helludals sem er innan svæðisins. Á Geysisvæðinu sjálfu er eingöngu um minnismerki að ræða, þ.e. Konungssteina. En gera má ráð fyrir tölvert af minjum utan svæðisins, eins og t.d. í Helludal og Haukadalsheiði.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 46.

<sup>2</sup> Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í ofanverðu Árnesþingi 1893". - Bruun, Daniel:

"Arkæologiske undersøgelser paa Island foretagne i sommeren 1898". - Matthías Þórðarson: "Goðatóttir í Helludal", 34-37. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags, 1894,

## 2.1 Haukadalur - býli



Mynd 2. Haukadalur og Marteinslaug. Uppmæling Ragnar Edvardsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Heimildir

Hinn forni bæjarhóll Haukadals stendur á hól ofan við kirkjuna, en hann er vel gróinn í dag og engin merki um fyrri búsetu er að sjá á yfirborði hans.

Haukadalur er fyrrum stórbýli og höfðingjasetur sem fór í eyði uppúr 1940. Þar var búin að vera óslitin búseta frá landnámi, en á landnámsöld námu feðgarnir Þorbrandur Þorbjarnarson og Ásbrandur sonur hans land þar.<sup>3</sup> Bekktstu íbúar Haukadal eru þó hinir svonefndu Haukdælir sem gerðu garðinn frægan á 11. öld, en það voru afkomendur Ketilbjarnar landnásmanns á Mosfelli. Fraegð Haukadals hefst með Halli Þórarinssyni (d. 1090). Teitur Ísleifsson (d. 1110) var fóstursonur Halls, sonur Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta biskups í Skálholti. Hann tók við búi í Haukadal að Halli látnum, en Teitur er talinn ættaðir Haukdæla.

1899, 1905 og 1908, eru lýsingar á minjum í Helludal, en meginhluti Helludals lendir fyrir utan rannsóknarsvæðið, sem og þær minjar sem lýst er.

<sup>3</sup> Íslendinga Sögur I, 227.

Skólahald var hafið í Haukadal á 11. öld, en talið er að Ari Þorgilsson hafi setið þar á skólabekk í 14 ár.<sup>4</sup> Kirkja er talin hafa verið reist í Haukadal strax á 11. öld, en elstu heimildir um kirkju eru frá 1121.<sup>5</sup> Uppgangstími Haukadals virðist hafa náð allt framá 17. öld en þá fór að halla undan fæti þegar hamfarir og landeyðing fór að hafa mikil áhrif á umhverfið. Í jarðabók Árna Magnússonar segir:

Skóg á jörðin í heimalandi, hefur mikill og góður verið, en er nú mjög eyddur. Hætt er hjer stórlega fyrir fjenað, sem dettur í dý og læki, og verður oft stór skaði að. Jörðunni spilti Hekla, þá hún gaus, og ber hún þess enn nú menjar nokkrar. Sjerdeilis eyðilagðist skógrunn þar eftir. Sandur tekur til að gánga norðan á land jarðarinnar, og sýnist að til staðri skaða verða muni með tíðinni.<sup>6</sup>

Landeyðing sú sem hér er talað um virðist hafa haft mikil áhrif á búsetuskilyrði í Haukadal, en það var ekki fyrr en 1962 að markvisst stórátak var hafið til að stöðva hana<sup>7</sup>.



Mynd 3. Bæjarhóll Haukadals. Kirkjan í baksýn. Magnús A. Sigurðsson 2008.

### Lýsing

Bæjarhóll Haukadals (nr. 719) stendur ekki þar sem núverandi bæjarstæði er heldur fyrir ofan núverandi kirkju. Höllinn er um 80 x 115 metrar að staði. Um 1939 stóðu útveggir úr tilhöggnu hveragrjóti enn, en við framkvæmdir við

<sup>4</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 138.

<sup>5</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 141.

<sup>6</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 304.

<sup>7</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 146. - Maurer, Konrad von: Íslandsferð 1858, 56-57.

kirkjuna var öllu bylt og jafnað við jörðu<sup>8</sup>, svo engar minjar um búsetu er að sjá á yfirborði hans en hóllinn er mikil um sig og vænta má mikilla minja undir yfirborði.

Norðanvert í bæjarhólnum, rétt við veginn, er Bergþórsleiði (nr. 723). Þar hefur verið settur stór steinn sem á hefur verið grafið "Bergþór úr Bláfelli". Samkvæmt þjóðsögu, skráðri af Agli Pálssyni, fyrrum hreppstjóra í Múla, á Bergþór í Bláfelli að vera grafin hér. Hann á að hafa verið risi sem fór framá að vera grafinn í Haukadal þar sem hann heyrði bæði klukknahljóð og árnið. Þekktur kirkjuhringur er stóð í kirkjuhurðinni í Haukadal á að hafa verið smíðaður úr staf er Bergþór átti.<sup>9</sup> Í ferðabók Konrads von Maurer er hinsvegar talað um Bergþórsleiði sem leiði ungs sonar Þórólfss frá Bláfelli, en hann átti að hafa láttist í glímu.<sup>10</sup>

Norðaustan við Bergþórsleiði, við Mylludý, á að hafa staðið kornmylla, niður við Beiná, en ekki sáust neinar minjar um hana.



Mynd 4. Bergþórsleiði. Magnús A. Sigurðsson 2008.

Í um 70 metra norður frá bæjarhólnum er um 350 metrar langur túngarður (nr. 714), um 1 til 2 metrar á breidd. Sporöskulaga rúst (nr. 717) er svo að finna norðan við bæjarhólinn, rétt við túngarðinn. Hún er 14 x 8 metrar að stærð en ómögulegt er að skera úr um hlutverk hennar án frekari rannsókna.

Tvær réttir eru byggðir utan í túngarðinn. Sú nyrðri er hestarétt, samkvæmt örnefnaskrá (nr. 715), 19 x 19 metrar að stærð og er hún enn í

<sup>8</sup> Sigurður Greipsson: "Haukadalur", 117.

<sup>9</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 145.

<sup>10</sup> Maurer, Konrad von: Íslandsferð 1858, 56-57.

notkun. Syðri réttin (nr. 716) er um 9 x 13 metrar að stærð og opin suðvestan megin.<sup>11</sup>

Við endann á túngarðinum, vestan megin, er að finna leifar byggingar, líklega af einhvers konar skepuhúsi. Tóftin(nr. 718) er um 16 x 10 metrar að stærð. Inní skógræktinni er lítill túngarðsbútur (nr. 720), um ½ metrar á breidd og um 16 metrar á lengd.

### **Verndunarforsendur**

Þessar minjar eru gott dæmi um bæjarhól, allt frá landnámi. Mikið er til af bæjarhólum á landinu, en sjaldgæfara er að finna bæjarhóla sem hægt er að tengja þetta langt aftur í söguna með heimildum. Þessar minjar hafa mikið rannsóknar- og heimildargildi, því þarna hefur verið búseta frá landnámi. Skólahald og merk saga tengist staðnum. Það er upplifun að standa þarna og sjá umfang hólsins og ímynda sér tengslin við fortíðina. Minjarnar eru líklega upprunalegar, bæjarhólliinn er mjög greinilegur og túngarður í tengslum við hann. Hér er líklega hægt að rekja sig áfram í gegnum eitt byggingarstigið af öðru, þangað til komið er að upprunalegu byggingarstigi. Haukadalur er gott dæmi um menningarlandslag með bæjarhólliinn sem miðpunkt og útihús og túngarða í útjaðri, ásamt líklegum tengslum við Marteinslaug og Marteinshver. Þessar minjar vekja einnig sterkar tilfinningar vegna tengsla við mikilvæga atburði og einstaklinga úr Íslandssögunni. Gott aðgengi er að þeim og ætti að vera hægt að nýta þær betur í tengslum við ferðaþjónustu sem er mikil á svæðinu. Ásigkomulag minjanna er ekki sem best, enda búið að sléttu yfirborð hólsins.

## **2.2 Marteinshver / Marteinslaug - laugar**

### **Heimildir**

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1894 lýsir Brynjúlfur Jónsson Marteinslaug á eftirfarandi hátt:

Marteinslaug heitir fyrir vestan tún í Haukadal. Óvist er hvort hún er kennið við Martein biskup Einarsson, eða við hinn helga Martein, sem kirkjan í Haukadal var helguð. Nú á dögum er hjer raunar engin laug. Þar stendur hverahrúðurs-klettur út úr lækjarkakka, og við hliðina á honum vellur sjóðandi vatn upp úr smáholum. Í klettinum er bolli, líklega af mönnum gjör, má ausa í hann heitu og köldu vatni eftir vild og þvo svo úr honum. Er kletturinn hæfilega hár til þess. Án efa hefir þessi litli hver verið búinn að mynda utanum sig bungu af hverahrúðri, sem menn hafa brotið og fært burt til bygginga. En klettur þessi hefir verið skilinn eftir, og gjörður að nokkurskonar þvottalaug.<sup>12</sup>

---

<sup>11</sup> Örnefnastofnun Íslands 1973. Haukadalur.

<sup>12</sup> Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í ofanverðu Árnesþingi 1893", 8-9.



**Mynd 5. Marteinslaug.** Magnús A. Sigurðsson 2008.

Um 220 metra vestur frá Marteinslaug, við Kaldalæk, hinum megin við skógvaxna hæðina er svo Marteinshver. Miðað við lýsingar þeirra, virðast bæði Konrad Maurer og Eggert Ólafsson telja að Marteinslaug hafi fremur verið hjá hvernunum.<sup>13</sup> Hverinn er notaður í dag til upphitunar á starfmannahúsi skógræktarinnar.

### Lýsing

Við Marteinslaug (nr. 721) vottar enn fyrir greinilegri hringlaga hleðslu laugarinnar, auk bollans sem Brynjúlfur talar um. Við Marteinshver (nr. 722) sjást aftur á móti engin ummerki um laug þó merki nýlegra mannvirkja sé þar að finna. Til dæmis er tekið vatn þaðan í bústað starfsmanna skógræktarinnar.

---

<sup>13</sup> Eggert Ólafsson: Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 199-120. - Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 133.



Mynd 6. Marteinhver. Magnús A. Sigurðsson 2008.

### Verndunarforsendur

Þessar minjar eru einstakt dæmi um nýtingu á heitvatni til lauga og þvotta, líklega allt frá kristnitöku ef ekki fyrr. Fornar laugar eru ekki margar hér á landi, og þá sérstaklega sem eru tengdar dýrlingum. Þessar minjar hafa mikið rannsóknar og heimildargildi, því þarna þarf að komast að á hvaða hátt laugin og hverinn voru notuð. Það er áhugaverð upplifun að standa barna og sjá fyrir sér notkun laugarinnar. Minjarnar eru líklega upprunalegar, þótt ekki sé víst á hvorum staðnum laugin var. Laugin og hverinn eru partur af menningarlands lagi Haukadals. Þessar minjar vekja einnig tilfinningar vegna sérstöðu. Gott aðgengi er að þeim og ætti að vera hægt að nýta þær betur í tengslum við ferðaþjónustu sem er mikil á svæðinu. Ásigkomulag minjanna er ekki sem best, sérstaklega í kringum hverinn, en hann er notaður í dag til upphitunar.

## 2.3 Konungssteinarnir – minnismerki

### Heimildir

Þrír stórir grágrýtissteinar með skrautverki er í hlíðinni fyrir ofan Geysi til minningar um komu 3 danakonunga til Geysis, 1874, 1907, og 1921.

Kristján IX kom til Íslands 1874. Friðrik VIII kom í opinbera heimsókn til Íslands 1907, líklega í tengslum við þann “pólitíkska stórvíðburð” að Íslendingar höfðu þá haft sinn eigin ráðherra í 3 ár.<sup>14</sup> Ekki virðist hafa verið sérstakt tilefni að heimsókn Kristjáns X nema áhugi á landi og þjóð. Þetta var fyrsta heimsókn

---

<sup>14</sup> Gísli Sigurðsson: “Konungssteinarnir við Geysi“.

Kristjáns X til Íslands, en honum var tíðförult til Íslands, kom hingað einnig 1926, 1930, og 1936.<sup>15</sup>



**Mynd 7. Staðsetning Konungssteina. Uppmæling Ragnar Edvarðsson, 2008.**  
**Loftmynd frá Loftmyndum ehf.**

<sup>15</sup> Guðbrandur Jónsson: *Kristján hinn tíundi konungur Íslands 1912-1937: minningarrit*.

## Lýsing

Stór steinn (nr. 724) með áletruninni C, með IX inní og ártalinu 1874. Steininninn er minnismerki um komu Kristján IX til Geysis 1874. Letrið á steininum er verk Sverris Runólfssonar en þekktasta verk hans er Þingeyrakirkja í Húnafþingi.<sup>16</sup>

Stór steinn (nr. 725) með ágröfnu fangamarki Friðriks VIII, ártalinu 1907, og kórónu fyrir ofan. Steininninn er minnismerki um komu Friðriks XIII til Geysis.

Stór steinn (nr. 726) með áletruninni C og A ofaná, ártalinu 1921, og kórónu ofaná. Steininninn er minnismerki um komu Kristján X til Geysis. Letrið á steinunum 1907 og 1921 er verk Július Schou, dansks steinsmiðs sem hafði flust til Íslands til að vinna við Alþingishúsið.<sup>17</sup>

Áletranirnar voru orðnar ansi veðraðar og máðar svo erfitt var að sjá skrautverkið. En í tilefni að heimsókn Friðriks Danaprins og Mary Elizabeth, konu hans, var ráðist í að gera við steinana, en það gerði Þór Sigmundsson, hjá Steinsmiðju S. Helgasonar.<sup>18</sup>



Mynd 8. Konungssteinar. Magnús A. Sigurðsson 2008.

## Verndunarforsendur

Þessar minjar eru gott dæmi um minnismerki, sérstakar og sjaldgæfar, enda ekki margir konungar komið til landsins, þrátt fyrir að Ísland hafi verið partur af konungsíkjum í tæp 700 ár. Þessar minjar hafa ekkert rannsóknargildi en eitthvað heimildargildi hafa þær. Það er upplifun að standa þarna og sjá fyrir sér konungsheimsóknirnar. Minjarnar eru upprunalegar. Steinarnir eru ekki partur af menningarlands lagi svæðisins, bæði eru þeir of ungir og sérstaða þeirra of mikil. Þessar minjar vekja upp sérstakar tilfinningar vegna þess að þær tilheyra einhverjum sérstökum atburði í sögu landsins. Gott aðgengi er að þeim en ekki er hægt að sjá mikið notkunargildi. Ásigkomulag minjanna er gott, enda hefur áletrunin verið gerð upp.

<sup>16</sup> Gísli Sigurðsson: "Konungssteinarnir við Geysi".

<sup>17</sup> Gísli Sigurðsson: "Konungssteinarnir við Geysi".

<sup>18</sup> Gísli Sigurðsson: "Konungssteinarnir við Geysi".

## 2.4 Laug - býli



Mynd 9. Bæjarstæðið að Laug. Uppmæling Ragnar Edvarðsson, 2008.  
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## **Heimildir**

Laug er skammt fyrir ofan veginn rétt áður en komið er að Geysi. Laug er upphaflega hjáleiga frá Haukadal.<sup>19</sup> Þar er reisulegur bær með tveim burstum, byggður 1906, sem er í frekar bágu ástandi, og leifar af útihúsi rétt austan við burstabænn.



**Mynd 10. Bæjarstæði Lauga. Magnús A. Sigurðsson 2008.**

## **Lýsing**

Á bæjarhólnum stendur gamalt íbúðarhús með tveim burstum og bíljum sem snúa fram (nr. 729). Hægra megin við húsið eru leifar af útihúsum, sem virðast hafa verið standandi 1998.<sup>20</sup> Húsið er um 10 x 8 metrar að stærð, en útihúsin um 12 x 9 metrar. Húsið virðist vera notað í dag sem geymsla í sambandi við ferðaþjónustu. Rétt suðaustanvið bæinn er gamall öskuhaugur (nr. 730, mynd 3), um 35 x 20 metrar að stærð.

Í um 118 metra norðvestur frá bænum stendur uppistandandi skepnuhús með bárujárnsþaki (nr. 728). Um 6 x 5 metrar að stærð. Rétt vestan við það eru leifar af öðru tvíhólfu útihúsi (nr. 730, mynd 3), 9 x 6 metra að stærð.

## **Verndunarforsendur**


Þessar minjar eru gott dæmi um bæjarhól, en mikið er til af bæjarhólum á landinu, en sjaldgæft er að finna uppistandandi íbúðarhús með burstum. Þessar minjar hafa líklega ekki mikið rannsóknar- og heimildargildi, vegna fjölda sambærilegra bæjarhóla. Það er þó upplifun að standa þarna og sjá

<sup>19</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 305.

<sup>20</sup> Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", 47.

þetta gamla hús með sinni sögu. Minjarnar eru líklega upprunalegar, þá sérstaklega húsið. Segja má að Haukadalur sé hluti af heildar menningarlandslagi svæðisins, en virðist þó frekar vera einangrað fyrirbaði. Þessar minjar vekja ekki sterkar tilfinningar. Gott aðgengi er að þeim og ætti að vera hægt að nýta þær betur í tengslum við ferðaþjónustu sem er mikil á svæðinu. Ásigkomulag minjanna er ekki sem best, enda ekki verið haldið við. Það þyrfti að beina því til Húsafríðunarnefndar að taka húsið undir sinn verndarvæng, enda gæti það orðið mikil prýði.

## 2.5 Neðri-Dalur - býli



**Mynd 11. Neðri-Dalur. Uppmæling Ragnar Edvarðsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.**

## **Heimild**

Neðri-Dalur stendur skammt ofan við þjóðveginn að Geysi. Neðri-Dalur virðist áður hafa verið kallaður Neðri Haukadalur.<sup>21</sup> Í jarðabókinni 1709 segir að bærinn hafi verið færður til vegna skriðu.<sup>22</sup> Neðri-Dalur er nú komið í eyði en þar standa íbúðarhúss frá 1965.

Samkvæmt örnefnaskrá eiga Ólafskofi, Ólafsbaer og Ólafsleiði að vera austan við gilið sem Mígandi er í. Ekki fundust þessar fornleifar á vettvangi. Í örnefnaskrá er einnig talað um hesthústóft "á Eyrum" sem var í notkun til a.m.k. 1960. Nú er búið að sléttu þetta svæði þannig að engar minjar er þar að finna.<sup>23</sup>



**Mynd 12. Holtshús, fyrir miðri mynd. Magnús A. Sigurðsson 2008.**

## **Lýsing**

Leifar Holtshúsa (nr. 733) fundust, um 650 metra suðvestur frá bæjarstæðinu. Samkvæmt örnefnaskrá, var Holtshús 60 kinda hús, lagt niður 1931.<sup>24</sup> Tóftin er um 20 metra löng og 8 metra breið, með um 0,5 metra háum veggjum. Um 25 metra ofar í hlíðinni var síðan túngarður (nr. 732). Þá fannst einnig Hellir eða Afahellir (nr. 731) sem nefndur er í örnefnaskrá en hellir þessi var notaður sem fjárhús um tíma.<sup>25</sup> Hann er í svokölluðu Hellisgili, um 200 metra norðan við Holtshús. Hlaðið hefur verið fyrir op hans.

<sup>21</sup> Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi", 27.

<sup>22</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 307.

<sup>23</sup> Örnefnastofnun Íslands 1975. Neðri - Dalur.

<sup>24</sup> Örnefnastofnun Íslands 1985-86. Neðri – Dalur, viðauki.

<sup>25</sup> Örnefnastofnun Íslands 1975. Neðri - Dalur.

## **Verndunarforsendur**


Þessar minjar eru gott dæmi um útihús og túngarð, en varla einkennandi. Mikið er til af útihúsatóftum á landinu. Þessar minjar hafa líklega ekki mikið rannsóknar og heimildargildi, vegna lítillar sérstöðu. Þær vekja litla upplifun. Minjarnar eru líklega upprunalegar, og nafngreindar. Neðridalur er kannski partur af heildar menningarlandslagi svæðisins, en virðist vera frekar einangrað fyrirbaði, sérstaklega er lítið af sjáanlegum minjum. Þessar minjar vekja ekki sterkar tilfinningar. Ágætt aðgengi er að þeim en ekki er að sjá mikið notkunargildi. Ásigkomulag minjanna er gott, enda utan túns.

### 3 Niðurstöður

	Úrvat	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarálands!.	Minjaheild	Táknrænt gildi	Aðgengi	Notkunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
Haukadalur Býli	+	0	+	+	+	+	+	+	+	+	0	8
Marteinslaug/ Marteinshver Laug	0	+	+	+	+	+	0	+	+	0	7	
Konungsteinar Minnismerkir	+	0	0	+	+	0	+	+	0	+	6	
Laugar Býli	0	+	0	+	+	0	0	+	+	0	5	
Neðridalur Býli	0	0	0	0	+	+	0	+	0	+	4	

Rannsóknarsvæðið er ekki stórt, en það sem einkennir það eru búsetuminjar, og minjar tengdar nýtingu á heitu vatni. Haukadalur er mjög sérstakur staður. Hann er ekki bara einn af þekktari sögustöðum landi, heldur er hann líka ein af náttúruperlum landsins. Gera má ráð fyrir að þó nokkuð af minjum hafi farið forgörðum, enda Haukadalurinn orðin hálfgildis þéttbýlisstaður.

Ekki var allur Haukadalur skráður heldur þrjár jarðir, Haukadalur, Laugar, og Neðri-Dalur, þ. e. sá hluti þeirra sem er innan umrædds rannsóknarsvæðis. Á svæðinu var fátt sem kom á óvart, nema kannski Marteinslaug og Marteinshver, en af þeim minjum sem fundust höfðu þeir einna mesta sérstöðu, en frekari rannsókna er þörf til að skera úr um staðsetningu Marteinslaugar. Áhugaverðast má telja bæjarhól Haukadals, enda hefur hann byggst upp á löngum tíma. Mjög varlega þarf að fara í allar framkvæmdir við kirkjuna því að þar stóð líklega gamli Haukadalsbærinn og hið forna bæjarstæði svo miklar upplýsingar geta legið þar. Eins er mikilvægt að benda framkvæmda- aðilum á aðgaðslu við allar framkvæmdir, enda má ekki hrófla við fornleifum samkvæmt þjóðminjalögum. Svipaða sögu má segja um bæjarhóla Lauga og Neðri-Dals, en þeir eru að vísu ekki eins gamlir og með eins áhugaverðan bakgrunn. Allar framkvæmdir í og við bæjarhólana eru þar af leiðandi mjög varhugaverðar.



Mynd 13. Rannsóknarsvæðið og jarðamörk. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## 4 Heimildaskrá

### Útgefið efni

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Árnæssýsla*. 2. útgáfa ljósprentuð. Oddi, Rv., 1981.

Bruun, Daniel: "Arkæologiske undersøgelser paa Island foretagne i sommeren 1898", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899* (Rv., 1899), Fylgirit. 1-47.

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í ofanverðu Árnesþingi 1893", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894* (Rv., 1894), 1-15.

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905* (Rv., 1905), 1-51.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 II.* Rv., 1943.

Gísli Sigurðsson: "Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna", *Árbók Ferðafélags Íslands 1998* (Rv., 1998), 1-245.

Gísli Sigurðsson: "Konungssteinarnir við Geysi", Morgunblaðið. Sunnudagur 4. maí 2008. Reykjavík.

Guðbrandur Jónsson: *Kristján hinn tíundi konungur Íslands 1912-1937: minningarrit*. Rv., 1937.

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923* (Rv., 1923), 1-96.

Íslendinga Sögur I. Landsaga og landnám. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík. 1953.

Matthías Þórðarson: "Goðatóttir í Helludal", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908* (Rv., 1908), 34-37.

Maurer, Konrad von: *Íslandsferð 1858*. Ferðafélag Íslands, Rv., 1997.

Sigurður Greipsson: "Haukadalur". *Suðri I.* (1969) 97-133.

### Óútgefið efni

Örnefnastofnun Íslands 1973. *Haukadalur*. Þórhallur Vilmundarson skráði.

Örnefnastofnun Íslands 1975. *Neðri - Dalur*. Haraldur Finnsson skráði.

Örnefnastofnun Íslands 1985-86. *Neðri – Dalur, viðauki*. Bryndís G. Róbertsdóttir skráði.



## 5 Viðauki 1

### Haukadalur

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	tegund2	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	X ISN93	Y ISN93
714	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	garðlag		túnigarður		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		438080,646	425698,5545
715	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	tóft		rétt	HESTARÉTT	1700	2000	nei	greinanleg	engin hætta		438031,1965	425702,3292
716	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	tóft		rétt		1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		438004,8626	425681,9396
717	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	tóft		óþekkt		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		438111,3182	425718,1349
718	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	tóft		óþekkt		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		438003,2098	425589,9434
719	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	hóll		bærjarhóll		900	1850	nei	greinanleg	engin hætta		438152,4466	425624,9228
720	27.7.2008	RE	Haukadalur við Geysir	garðlag		túnigarður		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		437929,4045	425555,7225
723	27.7.2008	RE	Bergþörsleiði	áletrun	steinn	kennimark	MINNISMERKI	900	1500	nei	greinanleg	engin hætta		438206,2366	425635,6871

23

### Marteinsþver

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	tegund2	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	X ISN93	Y ISN93
721	27.7.2008	RE	Marteinslaug	náttúrumínjar		þvottalaug		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		437995,5381	425567,4725
722	27.7.2008	RE	Marteinsþver	náttúrumínjar	hver	laug		900	1900	nei	greinanleg	hætta	framkvæmda	437775,5299	425584,9824

### Konungssteinar

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	tegund2	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	X ISN93	Y ISN93
724	27.7.2008	RE	Konungssteinn 1874	áletrun	steinn	kennimark	MINNISMERKI	1850	1950	nei	greinanleg	engin hætta		436991,7062	424223,3256
725	27.7.2008	RE	Konungssteinn 1907	áletrun	steinn	kennimark	MINNISMERKI	1850	1950	nei	greinanleg	engin hætta		437003,4953	424245,8014
726	27.7.2008	RE	Konungssteinn 1921	áletrun	steinn	kennimark	MINNISMERKI	1850	1950	nei	greinanleg	engin hætta		437020,2499	424259,677

**Laugar**

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	tegund2	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	X ISN93	Y ISN93
727	27.7.2008	RE	Laugar	tóft		útihús	SKEPNUHÚS	900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		436635,4403	423792,5894
728	27.7.2008	RE	Laugar	hús		útihús		900	1900	nei	greinanleg	hætta	annað	436647,4299	423794,729
729	27.7.2008	RE	Laugar	hús		burstabær		900	1900	nei	greinanleg	hætta	annað	436703,7021	423685,7642
730	27.7.2008	RE	Laugar	hóll		öskuhaugur		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		436682,1943	423643,8542

**Neðridalur**

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	tegund2	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	X ISN93	Y ISN93
731	22.8.2008	RE	Neðridalur	hellir		fjárskýli		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		434835,5051	422761,5041
732	22.8.2008	RE	Neðridalur	garðlag		túnigarður		900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		434820,2857	422599,2138
733	22.8.2008	RE	Neðridalur	tóft		fjárhús	SKEPNUHÚS	900	1900	nei	greinanleg	engin hætta		434795,2501	422585,3033